



## Minnisblað

---

### um umræðuskjal fyrir fund Þjóðhagsráðs 24. febrúar 2022.

**Dags:** 23.2 2022

**Mál nr:** 202012-0017

Fyrir fundi Þjóðhagsráðs liggur umræðuskjal þar sem farið er yfir hlutverk og heimildir ríkissáttasemjara og leitast við að gera samanburð milli Norðurlandanna. Athygli er vert að engin grein er gerð fyrir Finnlandi en um sumt svipar finnska kerfið meira til hins íslenska en hvað varðar kerfi hinna Norðurlandanna.

Við Umræðuskjalið eru að svo stöddu gerðar nokkrar athugasemdir en fjarri lagi er umræðan um það tæmd.

Í kaflanum um núgildandi heimildir ríkissáttasemjara er gerð grein fyrir hlutverki hans. Með öllu er skautað framhjá hlutverki hans og reyndar hlutverki aðila vinnumarkaðar við undirbúning kjarasamninga og ekkert fjallað um ástæður þess að margar deilur leiti á borð hans.

- Með þeim breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 80/1938 á árinu 1996 var búinn til rammi um viðræðuáætlanir ( 23 og 24.gr. laganna). Í því fólst mikilvæg lagabreyting sem ef notuð væri sem skyldi og séð til þess að eftir væri farið myndi geta stórlega bætt allan undirbúning kjarasamninga, bæði kröfugerð og viðræður. Í stað þess að nota þær heimildir og beita valdi sínu til þess að fylgja þeim eftir hefur gildi þeirrar þróast í að vera hreint formsatriði og atvinnurekendum gefið ótakmarkað svigrúm til þess að stýra framgangi viðræðna, við hvern er rætt og hvenær og hlutverk sáttasemjara verið smættað í að felast í fundarstjórn og útvegum húsnæðis.
- Heimild um skipun sáttanefnda skv. 20.gr. hefur auk heldur ekki verið notuð þó aðstæður hafi sannarlega skapast til þess.
- Í umfjölluninni er jafnframt villandi fullyrðing sem skilja má þannig að einungis sé hægt að miðla í deilu „*hlutaðeigandi stéttarfélags og viðkomandi atvinnurekanda*“ en heimildin er mun víðtækari og takmarkast einungis þannig að ekki er hægt að miðla milli almenns og opinbers vinnumarkaðar sem þó var upphaflega lagt upp með fyrir breytingarnar 1996.
- Sú fullyrðing að sáttasemjari geti að fengnu samþykki mælt fyrir um skipan gerðardóms með vísan til 27.gr. á sér heldur ekki stoð í lögum. Líklega er um að ræða lögfræðilega kenningu eða hugleiðingar en stað þessa er hvorki að finna í lögnum eða greinargerð með þeim.



Í næstu köflum er síðan gerður samanburður við hin Norðurlöndin. Sá samanburður er frómt frá sagt afskaplega takmarkaður af þeirri einföldu ástæðu að vinnumarkaðslíkön og skipulag vinnumarkaðar á Norðurlöndunum er langt í frá eins og allur samanburður því afskaplega erfiður.

- Formlegar heimildir sáttasemjara eru að sönnu takmarkaðri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Það ræðst aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta er ekki þörf á þeim ef sáttasemjari sér til þess að farið sé eftir viðræðuáætlunum. Þá yrði fleiri deilum lokið á tíma. Í öðru lagi er ekki þörf á þeim vegna krafna um mjög vandaðan og tímafrekan undirbúning að boðun vinnustöðvana. Hér á landi er það mun flóknara og tímafrekara en á hinum Norðurlöndunum og því minni ástæða til þess að sáttasemjari þurfi heimildir til frestunar. Hér á landi eru deilurnar með öðrum orðum það langt komnar að samkomulags án átaka er vart að vænta. Jafnframt er þess að geta að t.d. í Danmörku er ákvörðun um verkfall sem hefjast skal á tilteknum degi tekin þegar í viðræðuáætlun sem sáttasemjari sér til þess að farið er eftir. Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að sáttasemjari hafi heimildir til frestunar sé deilan ekki nægilega þroskuð til þess að réttlætanlegt að grípa þurfi til vinnustöðvunar.
- Hvað standandi gerðardóma varðar þá eru engin rök færð fram fyrir tilurð þeirra. Í þeim undantekningartilvikum sem stjórnvöld hafa talið að grípa þurfi til þvingaðra gerðardóma með lögmætum hefur það verið gert með lagasetningu. Slík úrræði eru ólögmæt nema og þá því aðeins að stjórnvöldum sé rétt og skylt að grípa inn vegna þess að vinnustöðvun gæti ógnað lífi og heilsu almennings. Hér á landi er samið um undanþágur frá verkföllum í þessu skyni auk þess sem vel er utan um þetta haldið með sérstökum listum hvað hið opinbera varðar og mikilvægustu innviði. Um samningsbundna gerðardóma gilda aðrar reglur og þeir skipaðir án afskipta stjórnvalda. Aukin notkun gerðardóma eins og virðist lagt upp með til þess að „*auka fyrirsjáanleika og réttaröryggi deiluaðila*“ eins og í umræðuskjalinu segir er ekki einasta fullkomlega órökstudd fullyrðing og röng heldur einnig bein árás á samningsfrelsi og grundvallar mannréttindi launafólks og stéttarfélaganna sem varin eru af stjórnarskrá og alþjóðlegum sáttmálum.

Í skjalinu er stuttlega fjallað um miðlunarheimildir sáttasemjara. Sá samanburður er frómt frá sagt afskaplega takmarkaður af þeirri einföldu ástæðu að vinnumarkaðslíkön og skipulag vinnumarkaðar á Norðurlöndunum er langt í frá eins og allur samanburður getur því bæði verið afskaplega erfiður en einnig villandi. Formlegar heimildir sáttasemjara eru að sönnu takmarkaðri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Það ræðst aðallega af nokkrum ástæðum.



- Nefna má að kjarasamningar hér á landi hafa ergo omnes áhrif skv. lögum nr. 55/1980 sem þýðir að allir atvinnurekendur á tilteknum samnings- og félagssvæðum viðeigandi stéttarfélagu eru bundnir af lágmarksákvæðum kjarasamninga óháð því hvort starfsmenn hann eigi formlega og staðfesta aðild að stéttarfélagi. Afleiðing þess er sú m.a. að ekki er nauðsyn fyrir verkalýðsfélög að ná kjarasamningum við atvinnurekendur sem kjósa að standa utan heildarsamtaka sem aftur á móti er mjög brýnt á hinum Norðurlöndunum og ef til vill brýnast í Danmörku. Einnig má nefna að sænskir atvinnurekendur tóku meðvitaða ákvörðun um að færa kjarasamningsumboð af hendi heildarsamtaka í hendur smærri eininga og einstakra atvinnurekenda en með því flæktist samningagerðin. Svipuð staða er í Noregi þó þar hafi verið opnaðar heimildir til þess að gera tiltekna kjarasamninga í afmörkuðum greinum ergo omnes.
- Einnig skal bent á að miðlunarheimildir skv. dönskum rétti hafa ítrekað sætt athugasemdum Félagafrelsisnefndar Alþjóðavinnuárástafnunarinnar (CFA). M.a. segir í niðurstöðum málsins nr. 1971/1998: „The Committee requests the Government to review section 12 of the Conciliation Act as indicated in its conclusions, in consultation with the social partners, so as to ensure that the view of the majority of workers in a given sector is not subordinated to the view of the majority of the entire labour market as concerns the possibility of continuing free collective bargaining of terms and conditions of employment and as concerns the possibility of undertaking industrial action.“ Danmörk hefur neitað að fara eftir þessum tilmælum sbr. m.a. niðurstöður sérfræðinganefndar ILO 2014. 1 2

Að lokum skal tekið fram, að á bak við þá sátt sem tekist hefur á sumum hinna Norðurlandanna um heimildir sáttasemjara liggur önnur og dýpri sátt um samspil velferðarkerfa þessara ríkja, þar með talið lífeyris- og bótakerfa, húsnæðiskerfa, heilbrigðismála, menntamála o.fl., við hagstjórn og kjarasamninga. Engin sátt ríkir um þessar grundvallarforsendur hér á landi, þvert á móti. Þess ber einnig að geta að ekki liggur fyrir skýr rökstuðningur á því hvers vegna þörf sé á að ráðast í framangreindar umbætur. Ekki liggur fyrir nein kortlagning af hálfu ríkissáttasemjara á vinnudeilum, verkfallsdögum, þátttakendum í verkföllum né árangri af kjarasamningum.

---

1

[https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:13100:0::NO:13100:P13100\\_COMMENT\\_ID,P11110\\_COUNTRY\\_ID,P11110\\_COUNTRY\\_NAME,P11110\\_COMMENT\\_YEAR:3149013,102609,Denmark,2013](https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:13100:0::NO:13100:P13100_COMMENT_ID,P11110_COUNTRY_ID,P11110_COUNTRY_NAME,P11110_COMMENT_YEAR:3149013,102609,Denmark,2013)

<sup>2</sup> Lesa má nánar um afstöðu CFA og Sérfræðinganefndar ILO hér:

<https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:20060::FIND:NO:::> og um athugasemdir sérfræðinganefndarinnar hér: <https://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:20010::NO:::>



Þess vegna eru engar forsendur til þess að byrja umræðu um hlutverk og heimildir ríkissáttasemjara án tillits til þeirra grundvallarforsendna sem mynda þá sátt sem um þetta ríkir að mestu á hinum Norðurlöndunum.

Alþýðusamband Ísland er því ekki reiðubúið til samtals um breytingar á valdheimildum ríkissáttasemjara.